



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2025

DANS1DL05

Daglegt líf

Kennari:	Ida Løn (IL) Sigríður Sigurðardóttir (SGS) Sólveig Sigmarsdóttir (SOS)	idalon@fsu.is sigridurs@fsu.is solveigsigmarsdottir@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að byggja grunn í tungumálinu. Efni áfangans fjallar um daglegt líf og markmiðið er að styrkja alla færniþætti tungumálsins.

Tal: Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að tala einfalda dönsku, tvö og tvö saman eða með kennara.

Hlustun: Nemendur vinna með hlustun sem tengist þeirra áhugasviði og daglegu lífi.

Ritun: Nemendur skrifa stutta texta eins og td persónuleg bréf, nota nútíð og þátíð.

Orðaforði: Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við námsefnið.

Lestur: Nemendur lesa smásögur og ýmiss konar texta af netinu.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnþáttum í ritun á dönsku
- daglegu lífi ungs fólks í Danmörku
- stuttum textum sem fjalla um kunnuglegt efni
- orðaforða sem tengist áhugasviði og daglegu lífi
- einföldu daglegu talmáli um kunnuglegt efni

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nota viðeigandi hjálpargögn og upplýsingatækni
- svara spurningum skriflega og skrifa stutta texta í samfelldu máli um efni sem hann hefur áhuga á eða þekkir til
- beita orðaforða á skýran og réttan hátt
- svara spurningum munnlega og taka þátt í einföldum samræðum um kunnuglegt efni
- skilja talað mál þegar talað er skýrt um kunnuglegt efni
- lesa ýmiskonar texta á eigin áhugasviði og beita viðeigandi lestraraðferðum hverju sinni

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og skilja aðalatriði ef efnið er kunnuglegt
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum greinum og draga ályktanir af því sem hann les
- tjá skoðun sína
- lesa einfaldan skáldskap sér til ánægju
- miðla eigin skoðunum og tilfinningum skrifa stutta samantekt, t.d frá grein eða frétt af veraldraðefnum
- **Námsefni:**
- Efni af netinu
- Smásögur úr Gnist og Pip í papkassen
- Hlustunarefni frá Danamarks Radio

Áfanginn er án lokaprófs

Námsmat er fjölbreytt og fer eftir viðfangsefni hverju sinni. Námsmatið nær til allra færniþátta tungumálsins þ.e lesturs og lesskilnings, hlustunar, ritunar og talaðs máls. Flest verkefni eru metin til námsmats.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Ritun	2 ritunarpróf	20%
Munnlegt	3 munnleg próf	20%
Hlustunarpróf	2 hlustunarpróf	20%
Smásögur	5-6 smásögupróf	30%
Virkni og vinnubrögð	Mæting, verkefnaskil. þátttaka í tímum	10%
Samtals		100%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	18. ágúst – 21. sept	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt	Smásögupróf 1 og 2 Ritunarpróf 1

5 - 8	22. sept – 19. okt	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt Miðannarmat 17. október	Smásögupróf 3 og 4 Hlustunarpróf 1 Munnlegt próf 1
9 - 12	20.okt – 16. nóv	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt Haustfrí 23. og 24. október	Ritunarpróf 2 Smásögupróf 5 Munnlegt próf 2
13 - 17	17. nóv- 10. des	Danskir fjölmiðlar Lestur, hlustun, ritun og munnlegt Síðasti kennsludagur 10.desember	Smásögupróf 6 Hlustunarpróf 2 Munnlegt próf 3 Skráp

Sérreglur áfangans:

Nemendur þurfa að taka próf úr öllum færniþáttum tungumálsins (ritun, lestur, hlustun og munnlegt) til þess að ná áfanganum.

Nemendur verða að skila inn verkefnum til að geta tekið próf í lesskilningi og hlustun. **Ekki er hægt að endurtaka próf.**

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 18. ágúst 2025

Kærlig hilsen,
Ida, Sigríður og Sólveig